

Mættir:

Siggeir F. Ævarsson (bæjarskrifstofa) - formaður
Arnfinnur Antonsson (höfnin)
Daníel Júlíusson (grunnskóli)
Ólafur S. Hafsteinsson (Miðgarður og Túngata)
Sigríður Guðmundsdóttir Hammer (leikskóli)

1. Viðbragðsáætlanir stofnanna

Rætt um hvað hefur verið unnið á hverri starfsstöð, mælingar t.d. á hávaða, rakastigi og ljósmengun. Bærinn fékk lánaðan mæli hjá Vinnueftirlitinu á sínum tíma sem væri athugandi að fá lánaðan aftur.

2. Aðgengismál

Arnar Helgi Lárusson frá SEM (Samtök endurhæfðra mænuskaddaðra) kom og gerði úttekt á aðgengismálum í íþróttamannvirkinu og í tónlistarskóla og bókasafni á dögnum. Gaf okkur jákvæða umsögn um flest og góðar ábendingar um hluti sem betur mætti fara. Hægt er að fá Arnar til að koma og taka út aðgengismál víðar ef eftir því er óskað.

Ábending kom frá Arnari um að lyftan inni í grunnskólanum ætti ekki að vera læst með lykli til að auðvelda aðgengi að henni.

3. Ljósastaurar við Hópsskóla

Lýsingin við Hópsskóla er í tómu tjóni. Bærinn verður að laga þá strax, enda skapast mikil slyshætta á svæðinu þegar verið er að skutla börnum í skólann. Einnig þarf að huga að go pro ljósum við lðuna, en það þarf að skipta um perur í þeim í körfubílum.

4. Brunaæfingar

Nefndin ítrekar við stjórnendur stofnanna að rýmingaræfingar eru áætlaðar einu sinni á ári í flestum stofnunum.

Fleira ekki bókað, næsti fundur verður á nýju ári.

Fundi slitið 14:30